

Dalaveitur ehf. 22. fundur.

Fimmtudaginn 19. desember 2019 var haldinn stjórnarfundur í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 12:45.

Mætt voru: Skúli Guðbjörnsson, Ragnheiður Pálsdóttir (varamaður), Þuríður Jóney Sigurðardóttir og Kristján Sturluson.

Einnig sat fundinn Kristján Ingi Arnarson.

Dagskrá:

1. 1902021 – Framkvæmdir 2019.

Framkvæmdir liggja niðri. Búið að klára plægingu í Saurbæ. Umsækjendum um tengingar á svæðinu verður kynnt staða mála í tölvupósti.

Innheimta dagsekta mun hefjast 1. febrúar 2020.
Samþykkt samhljóða.

Óskað verður eftir fundi með Telnnet vegna tenginga í Saurbæ í byrjun janúar.
Samþykkt samhljóða.

2. Gjaldskrá 2020.

Frestað.

3. Tengingar fyrir Vodafone.


Kristján og Kristján áttu fund með Póst- og fjarskiptastofnun ásamt Karli Hálfðánarsyni ráðgjafa. Stofnunin hefur ekki lögsögu í þessu máli. Samtal er í gangi við Fjarskiptasjóð um málið.


4. Styrkhæfar tengingar.

Sent var út bréf til styrkhæfra staða vegna verkefnisins 2017 og 2018 þar sem ekki hafði verið sótt um tengingu. Þeir hafa frest til 23. desember en eftir það fellur út möguleikinn til að fá tengingu með styrk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.


Skúli Guðbjörnsson


Þuríður Jóney Sigurðardóttir


Ragnheiður Pálsdóttir


Kristján Sturluson